

231. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 28. febrúar 2022 og hófst hann kl. 16:15.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2202115 - Aðalskipulag - Bárugata 15 breyting

Umsókn um breytingu á skipulagi Breiðarsvæðis, vegna Bárugötu 15. Fyrirhugað er að breyta núverandi húsi á Bárugötu 15 í fjölbýlishús með allt að 8 íbúðum. Meðfylgjandi er skipulagslýsing.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst með hefðbundnum hætti.

2. 2202092 - Vesturgata 119 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn um að gera íbúð á 2. hæð.

Skipulags- og umhverfisráð tekur neikvætt í erindi um að íbúð verði gerð á efri hæð húss við Vesturgötu 119. Svæði er skilgreint undir atvinnustarfssemi.

3. 2202026 - Asbestlagnir - fyrirspurn til Veitna

Svar Veitna við fyrirspurn skipulags- og umhverfisráðs.

Minnisblað Veitna lagt fram. Óskað er eftir nánari upplýsingum frá Veitum um tímaplan á útskiptingu á asbestlögnum.

4. 2102047 - Uppkaupasjóður

Tillögur að reglum fyrir uppkaupasjóð Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi drög að reglum verði lagðar fyrir bæjarráð.

5. 2201093 - Deiliskipulag Skógarhverfi áf. 3C - Skógarlundur 1.

Umsókn um að breyta staðsetningu bílastæðis að bílskúr innan lóðar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna erindið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum að Skógarlundu 2, 3 og 4, þegar fullgerð gögn liggja fyrir.

6. 2109159 - Jaðarsbakkar 1 - kaldur pottur

Opnuð voru tilboð í verkið "Kaldur pottur 2022 uppsteypa" föstudaginn 25. febrúar 2022.

Eftirfarandi tilboð barst:
Trésmiðja Þráins E Gíslasonar ehf. kr. 6.487.500
Kostnaðaráætlun: 6.000.000

Ásbjörn Egilsson situr fundinn undir þessum lið. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að tilboði Þráins E. Gíslasonar verði tekið í verkið.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.